

Stjórnarfund KAÍ 14.06.2023 kl. 12.00 á skrifstofu KAÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal.

Mættir: Reinharð, Elías, Mæja, Hafþór, Ronja, Bjarni og á Zoom: Gunnlaugur.

1. Landsliðsmál – landsliðsnefnd.

- a. Sadik Sdik, landsliðsþjálfari í kumite, er búinn að skila inn áætlun fyrir haustið og vorið. Elías ætlar að kalla eftir áætlun frá Magnúsi, landsliðsþjálfar í kata.
- b. Viðræður hafa verið á milli landsliðnefnadar og Sadiks um að hann stýri kumitelandsliðinu fram yfir NM24 í Reykjavík og að framlengdur samningur gildi fram yfir EM senior í maí 2024. Samþykkt að ganga til samninga við hann í ágúst þegar hann kemur næst til landsins.
- c. Lagt til að ungum og efnilegum keppendum verði boðið að taka þátt í NM24 í Reykjavík. Lítil kostnaður fyrir sambandið en mörg sæti eru laus, sérstaklega í kumite. Áætlunin verður kynnt á formannafundi í ágúst og að efnilegir keppendur taki þátt í æfingum fram að mótinu.

2. Mótamál:

- a. Lagt til að hafa ÍM og ÍMU í kumite helgina 4.-5. nóvember.
- b. Lagt til að hafa GP3 og BM KAÍ helgina 18.-19. nóvember. Mæja mun senda út póst á félögin í byrjun ágúst og leita eftir húsum fyrir mótin.

3. Undirbúningur fyrir NM24 í Reykjavík.

- a. Undirbúningsnefndin hefur komið einu seinni saman og skippt með sér verkum. Bjarni og Reinharð fóru á fund á Grand Hótel, fengum staðfesta sali fyrir fundi og viktun og skráningu á hótelinu. Erum komin með 100 herbergi staðfest þar. Rúmlega 200 herbergi staðfest á 4 hótelum. Ekki verður hægt að halda Sayonara á Grand. Mæja ætlar að athuga með Þróttarheimilið.
- b. Búið að hanna hálsbönd og senda þau í framleiðslu. Næstu verkefni ákveðin í ágúst.
- c. Lagt til að láta merkja hettupeysur fyrir NM24. Elías ætlar að fá tilboð í þær. Hægt verður að selja auglýsingar á peysurnar.

4. Önnur mál

- a. Reinharð ræddi við Elínu í Aftureldingu um að gera myndbönd um karate íþróttina sem hægt er að nota við útbreiðslu karate á samfélagsmiðlum. Hún tók vel í það. Hún ætlar að send inn tilboð og kostnaðaráætlun.